

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Lundur

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

1	Um starfsáætlanir leikskóla	3
2	Leiðarljós og einkunnarorð leikskólans:.....	4
3	Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.....	5
4	Um innra mat í leikskólum	7
5	Stutt greinargerð um starfið á síðasta ári	8
6	Ytra mat	12
7	Sérkennsla í Lundi á síðasta ári.....	12
8	Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	12
9	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	12
10	Foreldrasamvinna	13
11	Skipulagsdagar	13
12	Fylgiskjöl	14
12.1	Matsgögn	14
12.2	Umsögn foreldraráðs	14

1 Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.


Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólapróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

2 Leiðarljós og einkunnarorð leikskólans:



Leiðarljós:

Í Lundi sitja allir við sama borð. Við sýnum börnunum, hvort öðru, foreldrum og öðrum aðstandendum barnanna, gestum og gangandi, sömu virðingu og velvilja, óháð kyni, kynhneigð, trú, uppruna, þjóðerni, stjórnmálaskoðunum, heilsufari, fötlun og aldri.

Einkunnarorð:

Virðing Í Lundi er ávallt haft að leiðarljósi að fólk komi fram við aðra eins og það vill að komið sé fram við það sjálft. Frá fyrsta degi er lögð áhersla á að hver einstaklingur fái jákvæða og góða sjálfsmynd þegar hann speglar sig í framkomu starfsfólksins og hinna barnanna.

Væntumþykja Andlegt öryggi barnanna í Lundi er ekki síður mikilvæg en líkamleg umhirða þeirra. Þarfir barnanna eru því í fyrirrúmi og starfsfólkið ætíð tilbúið til að sinna þeim. Þetta gerir starfsfólk Lundar af þeirri væntumþykja og alúð sem þarf til að börnin finni alla þá elsku sem þau þarfnast hverju sinni.

Vellíðan Vellíðan barna í leikskóla er forsemda þess að þau geti notið þess sem þar er boðið upp á, í námi og starfi.

Virgni Sé fyrrnefndum þörfum barnanna fullnægt leiðir það af sér virka og örugga einstaklinga sem eru tilbúnir til þess að rannsaka og tileinka sér allt á milli himins og jarðar.

3 Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Líkt og undanfarin ár hefur lánið leikið við okkur í Lundi. Flest gekk upp og allt sem mestu máli skiptir. Ekkert vandamál, hvorki lítið né stærra, reyndist óyfistíganlegt.

Starfsmannahópurinn hélst nær óbreyttur frá árinu áður og frumkvæði starfsmanna og sjálfsöryggi jókst. Hópurinn var líka samhentur sem aldrei fyrr. Hann tók nýjum börnum og foreldrum þeirra fagnandi og aðlagði fjölmennan hóp nýrra nemenda inn í leikskólann með bros á vör, þar sem öryggi fagmennska, hlýja og ekki síst traustur faðmur skiptir öllu fyrir svona unga nemendur sem stíga sín fyrstu skref í leikskólanum. Smá saman eykst öryggi barnanna og í framhaldinu hefst vinnan við að undirbúa þau fyrir næsta skref í öðrum leikskóla. Foreldrarnir urðu líka smám saman öruggari og um leið batnaði líðan þeirra. Þeir komust að því að það er vel hugsað um litlu ljósin þeirra og öllum þörfum er mætt af hæfu starfsmönnum sem hafa velferð þeirra að markmiði. Foreldrarnir varpa þá öndinni léttar og ekkert verður of gott fyrir starfsmennina í Lundi. Hjörtu sem eru yfirfull af þakklæti baka jafnvel tertu eða færa starfsmönnum konfekt með kaffinu.

Þetta eru gamalkunnugar tilfinningar sem allir nýir foreldrar upplifa þegar þeir aðlaga sitt fyrsta barn inn í Lund. Með næsta barni verður allt auðveldara. Þá verða fagnaðarfundir eins og með gömlum félögum þegar starfsmenn, foreldrar og eldri nemendur Lundar hittast aftur eftir mis mörg ár.

Útisvæðið í Lundi er fyrir marga hluti sérstakt. Það sem við erum stoltust af er víðáttan og náttúran sem fær að njóta sín. Á útisvæðinu er náttúrulegur útsýnishóll til norðurs. Þangað leggja börnin líka oft leið sína, stundum eitt og eitt en stundum fleiri saman. Þau kjaga upp á hollinn sem er talsverð ögrun fyrir þau yngstu. Eins og sjálft Himmelbjerget gnæfir hollinn yfir höfuð þeirra, hæfilega hár til þess að skipta máli en engan vegin ókleifur. Hann er eins og við viljum hafa verkefni barnanna í Lundi. Sem náttúrlegust og nægilega erfið til þess að þau þurfi að leggja eitthvað á sig til þess að ljúka þeim.

Á suðursvæðinu hefur nú verið byggður útsýnispallur. Hann er einfaldari en hollinn enda munu mannanna verk seint verða metin til jafns við náttúruna. Frá útsýnispallinum er líka útsýni til allra átta. Þaðan er gott að fylgjast með stóru flutningabílunum sem keyra svo hratt eftir götunum að jörðin hristist og það hvín í Kleppsholtinu. Þaðan er líka gott að fylgjast með boltavellinum og hvetja sitt fólk en sumum finnst best af öllu hvað það er auðvelt að komast á hann. Pallurinn er öllum fær og svo traustur að enginn hætta á að vera á óhöppum eða slysum. Í haust eða vetur ætlar smiðurinn að byggja þak yfir útsýnispallinn. Á pallinum eru nefnilega stórir gluggar með plexigleri sem tryggja að útsýnið haldist inni en rigningin ekki.

Ár hvert er dyttað að og lagfært eftir þörfum innan dyra í Lundi. Einnig hefur á síðastliðnum árum átt sér stað þróun í húsnæðismálum Lundar. Sú þróun hefur orðið til þess að auka möguleika m.a til fjölbreytilegri leiks, hvort heldur er hlutverkaleikur eða frjáls leikur. Endurskoðuð voru leikföng og bækur með það í huga að grisja eða bæta við eins og þyrfti með tilliti til Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Útivistarsvæðið fékk líka sína yfirhalningu. Í ár voru leiktæki máluð og smíðaður áður nefndur útsýnispallur.

Venju samkvæmt var öryggismálum gert hátt undir höfði. Farið var yfir flóttaleiðir og viðbrögð við áföllum hvort sem þau komu til af utanaðkomandi ástæðum eða innri. Upprifjun var með eldri starfsmönnum en öryggismál eru einnig ætíð kynnt nýjum starfsmönnum þegar þeir hefja störf.

Það hafa verið og eru forréttindi að fá að kenna og taka þátt í lífi þeirra barna sem í Lund hafa komið. Sextán árgangar hafa heilsað okkur og kvatt. Allt hæfileikamiklir nemendur og í alla staði til fyrirmyndar.

Í Lundi tölum við um víxlverkandi nám þar sem allir einstaklingar hafi rödd og að við lærum hvert af öðru. Vonandi hafa nemarnir ungu ekki lært minna af okkur en við af þeim. Við fullorðna fólkið gætum t.d lært af þeim að vera í núinu, að gleðjast yfir því smáa og vera laus við allt sem nefnist einelti eða að fara í manngreiningarálit.

Við starfsmennirnir í Lundi erum líka óendanlegs þakklát forsjóninni fyrir það að í öll þessi ár hafa allir komist heilir heim að kveldi sáttir og sælir. Þegar upp er staðið er það það sem skiptir öllu máli.

Enn og aftur er komið að kveðjustund. Þetta leikskólaárið er það árgangurinn 2016 sem kveður. Við starfsmennirnir í Lundi fyllumst söknuði en um leið af óendanlegu stolti fyrir þeirra hönd. Þarna er á ferðinni enn einn árgangurinn sem á svo sannarlega eftir að leggja sitt af mörkum í framtíðinni okkur öllum til heilla.

Nú tekur við leikskólaárið 2018 til 2019 með nýjum meisturum fæddum árið 2017. Við starfsmennirnir tökum nýju meisturunum okkar fagnandi ásamt foreldrum þeirra og stórfjölskyldu.


Valgerður H Valgeirsdóttir, leikskólastjóri

4 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á

skólanámskrá leikskólans og eða **áherslum**

leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna.



Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.

Leiðbeingar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þætti í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

5 Stutt greinargerð um starfið á síðasta ári

Árið sem leið var um margt líkt öðrum.

Aðlögunin gekk vel og tekið var á móti 38 börnum frá ágúst og fram í desember 2017.

Það sem helst er lögð áhersla á þegar aðlögun á sér stað, og raunar alltaf, er andrúmsloftið innan veggja leikskólans, en um einnar deildar leikskóla er að ræða. Þar viljum við hafa öruggt, rólegt og afslappað leikskólaumhverfi. Þetta eru ekki einföld markmið og stundum er erfitt að ná þeim árangri sem sóst er eftir að minnsta kosti fyrstu vikurnar en það hefst nú samt. Nemendur Lundar eru ungir og flest ef ekki öll að feta nýjar slóðir í fyrsta skiptið. Eðlilega láta þau vel í sér heyra á meðan þau eru að lesa í umhverfið og aðlagast leikskólanum. Smá saman færast ró yfir allt og alla.

Þemun í Lundi:

Hin árlegu þematímabil liðu ljúflega í gegnum starfið. Þemun eru ætíð hin sömu

Haustþema	Umfj.efni	Ég sjálf/ur
Jólaþema	Umfj.efni	Jól og áramót
Vetrarþema	Umfj.efni	Ég sjálf/ur og nánasta umhverfi mitt
Vor- og sumarþema.	Umfj.efni	Ég sjálf/ur og náttúran.

Albúmin:

Reynd var sú leið sem hefur gefist ágætlega í mörgum leikskólum og foreldrar beðnir um myndaalbúm með mynd af barninu sínu í og stórfjölskyldu þess og nánasta umhverfi þess. Það er skemmst frá því að segja að heimtur voru heldur dræmar. Hugsanlega voru skilaboðin og eftirfylgnin frá leikskólanum ekki nægjanleg. Ákveðið hefur verið að gera aðra tilraun leikskólaárið 2018 til 2019.

Hlutverkaleikurinn/Frjálsi leikurinn:

Sjóndeildarhringur þessara ungu barna er skiljanlega ekki stór enn sem komið er. Það gefur því auga leið að hlutverkaleikurinn er einn sá leikur sem börnin njóta sín best í og eiga hvað auðveldast með að læra af. Að sjálfsögðu eiga yngstu börnin óhægt með að sjá sjálf sig í öðru gerfi en eigin en elstu börnin í Lundi eru þó farin að njóta þess. Því hefur verið, og er enn, lögð áhersla á að þróa hlutverkaleikinn. Þetta kemur líka til af aukinni umræðu síðustu ár og stækkandi húsnæði.

Starfsmenn Lundar hafa sýnt aukið frumkvæði í að bjóða fram mismunandi leikefni ýmist fyrir frjálsa leikinn eða hlutverkaleikinn. Það er ánægjuleg þróun sem sýnir aukið öryggi starfsmanna sem jafnframt höndla betur mismunandi tegundir leikja svo sem tónlist og hreyfingu.

Samskipti barnanna í gegnum leikinn

Starfsmennirnir í Lundi eru vel meðvitaðir og verða sífellt öruggari á því hvenær þörf er á inngripi í samskipti barnanna og hvenær ekki. Á þessum aldri verður ósætti í samskiptum barnanna einna helst vegna leikfanga. Þau eru á byrjunarreit í samskiptum við önnur börn og að þurfa að deila eða skiptast á við aðra. Börnunum er kennt hvernig hægt er að leika saman, skiptast á eða jafnvel bjóða annað leikfang í staðinn. Smá saman átta þau sig á og ráða betur og betur við þessi samskipti.

Næðisstundin

Finna þurfti ákveðinn stað í dagskipulaginu þar sem börnin gætu sinnt hugðarefnum sínum eða verkefnum í ró og næði og án truflunar annarra barna. Starfsmannahópurinn komst að þeirri niðurstöðu að best væri að hún væri eitt leiksvæðanna sem boðið væri upp á í frjálsa leiknum. Í næðisstundinni er boðið upp á bókakassann og/eða lestur sagna og ævintýra.

Bókakassarnir:

Bætt var við innihald bókakassanna sem hafa reynst bæði áhugaverðir og eftirsóttir. Meðal annars var tekið tillit til fjölmenningsarstefnu Reykjavíkurborgar þegar bætt var í hann. Bókalestur jókst því enn. Í kjölfarið er hægt um vik að lesa fyrir eitt eða tvö börn sem hafa áhuga á að hlusta þótt hin séu upptekin við önnur verkefni sem þau hafa valið sér.

Þulur og ljóð:

Þótt lestur hafi aukist hefur ekki gengið sem skyldi að festa inni í kennslunni þulur og ljóð með undantekningunni „Þumalfingur er mamman.“ Þótt lögð sé áhersla á efnið í námskránni þurfa starfsmenn að tileinka sér að þylja þulur og lesa ljóð en sú iðja höfðar frekar til þeirra sem eldri eru. Auðvitað eru textar líka ljóð, sumir hverjir, og það er þægilegt að nota það sem maður kann. Haldið verður áfram að koma þessu á efnisskrána.

Tónlist og hreyfing

Keyptir voru litlir en glettilega góðir og færanlegir svokallaðir bluetooth hátalarar sem hafa gjörbreytt aðstöðunni til tónlistariðkunar. Í kjölfarið er tónlist mjög oft spiluð í bakgrunn við frjálsan leik með áherslu á allskonar tónlist.

Barnafundir

Ekki tókst að koma á reglulegum barnafundunum með elstu börnunum í hópastarfinu. Í ráði er að framlengja frestinn sem við höfðum gefið okkur.

Umbótarþættir innra mats.

Eftirfarandi umbótarþætti verður unnið sérstaklega með og þeir metnir á starfsárinu 2018-2019. Sjá töflu.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota?(könnun ,rýnihópur, safna gögnum)	Gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Auka kennslu þula og ljóða	Færa starfið til samræmis við námskrá Lundar og aðalnámskrá Menntamála- ráðuneytis	Haldið verður áfram og efninu gerð enn betri skil.	Verkefnið fór af stað 2016 og verður væntanlega lokið 2019.	Stjórnendateymið ber ábyrgð á verkefninu.	Með samtölum við starfsmenn og áhuga og ánægju barnanna.	Að börnin verði farin að þekkja og kunna þulur og ljóð sem lögð hafa verið fyrir þau
Fá fram sjónarmið barnanna	Auka lýðræðið í Lundi til samræmis við námskrá Lundar og aðalnámskrá Menntamála- ráðuneytis.	Halda barnafundi	Fór af stað 2016 og átti að ljúka 2017. Framlengist til 2019	Stjórnarteymi	Með umsögn starfsmanna og þátttöku barnanna.	Að börnin verði virkir þátttakendur í ákvarðanatöku og hafi áhrif á ákvarðanir um málefni leikskólans
Þróun hlutverka- leiksins	Styrkja sam- skipti og sköp- un barnanna í Lundi til samr. við námskrá Lundar og aðalnámskrá Menntamála- ráðuneytis.	Bílar til að sitja á og dúkkukerrur þurfa talsvert rými. Fundnar verða leiðir til að leikföngin verði börnunum til enn meira gagns.	Þessari aðgerð verður lokið í maí 2019.	Leikskólastjóri	Með umsögn starfsmanna og þátttöku barnanna.	Þegar hreyfanleiki leikfanganna og þar með barnanna verður orðinn meiri.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat: Hvenær og hvernig.	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota?(könnun ,rýnihópur, safna gögnum)	Gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Auka vægi skoðanna barnanna og lýðræði í skólanum	Auka lýðræðið í Lundi til samræmis við námskrá Lundar og aðalnámskrá Menntamála- ráðuneytis.	Styrkja valið enn frekar í sessi.	Lokið maí 2019.	Stjórnarteymi	Með umsögn starfsmanna og þátttöku barnanna.	Að börnin verði orðin virkari og öruggari í valinu og mat starfsfólks.
Mynda- albúm	Til þess að auka enn öryggistilfinn- ingu, vellíðan og málþroska barnanna í Lundi og til samræmis við námskrá Lundar.	Að fá undir hendur myndir af nánustu fjölskyldu og heimili barnanna til þess að spjalla um og skoða saman.	Ath. 2019	Stjórnarteymi	Með umsögn starfsmanna og þátttöku barnanna.	Að börnin sýni frumkvæði til að skoða albúmið og sýna starfsmanni og/eða hinum börnunum myndir af sér og sínum..
Jafnréttis- mál	Styrkja samræmi við jafnréttis- stefnu Lundar og Aðalnámskrár	Að fara yfir og tengja jafnréttis- sáttmála og stefnu Lundar fræðslu um öryggismál.	Alltaf í gangi	Stjórnarteymi	Með samtölum við starfsmenn.	Að allir starfsmenn séu sér meðvitaðir um jafnréttis- og mannréttindamál og sú þekking birtist í starfinu..

6 Ytra mat

Heilbrigðiseftirlitið:

- Heilbrigðiseftirlitið kom í árlegt venjubundið eftirlit. Engar athugasemdir voru gerðar við húsnaði eða búnað Lunda.

Eldvarnareftirlitið:

- Eldvarnareftirlitið kom í árlegt venjubundið eftirlit. Engar athugasemdir voru gerðar við húsnaði eða búnað Lunda.

Skóla- og frístundasvið:

- Tölfræði- og rannsóknasvið kom í reglubundið eftirlit. Fyrir eftirlitið hafði leikskólastjóra verið sendur spurningarlisti sem hann svaraði samviskulega. Engar athugasemdir voru gerðar.

7 Sérkennsla í Lundi á síðasta ári

Ekkert barn sem þarfnaðist sérkennslu/stuðnings var vistað í Lund leikskólaárið 2017 til 2018.

8 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Ekkert barn með annað móðurmál en íslensku var vistað í Lund leikskólaárið 2017 til 2018.

9 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl verða tekin í febrúar 2019.

Nýttur verður til undirbúnings samtalsins viðtalsramma fyrir einstaklingsviðtal úr Leiðbeiningum um innra mat leikskóla.

Hver starfsmaður fær í hendur til undirbúnings fyrir samtalið:

- Aðalnámskrá leikskóla, 2011.
- Námskrá Lunda,
- Starfsáætlun Lunda,
- Starfsmannahandbók Lunda,
- Námsvísi Lunda,
- Forvarnar- og öryggishandbók Lunda.

Símenntun frá síðasta ári:

- Herdís L Storgaard, hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Miðstöðvar slysavarna barna með *Námskeið í forvörnum, slysa og öryggismálum með sérstaka áherslu á ung börn í leikskólum.*
- Starfsmaður sótti fagnámskeið 1.
- Upprifjun á öryggismálum.

Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Fagnámskeið. Efni námskeiðsins verður ákveðið síðar.
- Reynt verður að fá námskeið um uppeldisfræðilegar skráningar.
- Áfram verður starfsmönnum gefinn kostur á að sækja fagnámskeið 1 og 2.
- Sjá og upplifa hvað aðrir leikskólar eru að gera.

Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).

- Kannað verður hvað SFS hefur upp á að bjóða.

10 Foreldrasamvinna

Foreldraráð

Vegna sérstöðu Lundar sem ungubarnaleikskóla er foreldraráð ekki kjörið fyrr en að hausti.

Foreldrakjörið fer fram á hverju leikskólaári og hafa foreldrar verið viljugir að taka á sig þessa ábyrgð.

Ástæða þess hversu oft kjörið fer fram er að hvert barn dvelur að jafnaði ekki lengur en í tæpt/rúmt leikskólaár.

- Þrír fulltrúar sitja í foreldraráði.
- Foreldraráð starfar skv. 11. gr. laga um leikskóla frá 2008.
- Foreldraráð setur sér starfsreglur.

Foreldraviðtöl

Allir foreldrar fá 2 viðtöl á leikskólaárinu.

11 Skipulagsdagar.

Hér vísast í leikskóladagatal Lundar 2018 til 2019. (Sjá fylgiskjal)

12 Fylgiskjöl

Leikskóladagatal Lundar 2018 – 2019

12.1 Matsgögn

- Umbótaáætlun innra mats.2018 til 2019
- Langtímaplan innra mats leikskólans

12.2 Umsögn foreldraráðs

- Berst í nóv. 2018

F. h. Leikskólans Lundar

Valgerður H Valgeirsdóttir,
leikskólastjóri.

Dagsetning

Langtímaplan

Innra mat leikskólans.

Í Lundi er starfandi matsteymi sem í sitja leikskólastjóri, faglegur stjórnandi og starfsmannastjóri. Þeir vinna ýmist saman að matinu eða skipta því með sér. Matsteymið sér um að kynna umbæturnar fyrir starfsfólki, sér um að þeim sé sé framfylgt og gerir nýjar áætlanir. Til viðmiðunar nýtir matsteymið sér:

- Viðmið og vísbendingar, útgefinn af Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur 2014.
- Aðalnámskrá leikskóla, útg. Af menntamálaráðuneyti 2011,
- Námskrá leikskólans Lundar,
- Leiðbeiningar um Innra mat leikskóla, unnið af Sigríði Sigurðardóttur fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2016.

Viðfangsefni	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022
--------------	-----------	-----------	-----------	-----------

Stjórnun

Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x		X
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur		x		X
Faglegt samstarf		X		X
Leikskólaþróun og starfsþróun	X		X	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x

Uppeldis- og menntastarf

Skipulag náms og námsaðstæður	X	X	X	X
Uppeldi menntun og starfshættir	X	X	X	X
Leikur og nám- lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	X	X	X	X
Nám svið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli án aðgreiningar		X		X
Mat á námi og velferð barna	x	X	X	X

Mannauður

Hlutverk leikskólakennara		X		X
Fagmennska starfsfólks	X	X	X	X
Starfsánægja	X	X	X	X

Leikskólabragur

Viðmót og menning		X		X
Velferð og líðan barna	X	X	X	X
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		X		X
Viðhorf foreldra		X		x

Innra mat

Framkvæmd		X		X
Gagnaöflun og vinnubrögð		X		X
Opinber birting og umbætur		X		X

Gagnaöflun og greining.

- Á ári hverju fer matsteymi Lunda í gegnum námskrá leikskólans og starfsáætlun og ræðir þáverandi stöðu leikskólans út frá þeim áætlunum sem þar eru gerðar. Stuðst er við *Viðmið og vísbendingar* við matið. Á starfsmannafundum eru skráningar og niðurstaða kynnt fyrir starfsmönnum.
- Börnin í Lundi eru ung og aðeins þau elstu eru farin að tjá sig með tali. Á þau er hlustað en fylgst er með öllum börnunum, ánægju þeirra og gleði, óánægju og leiða. Út frá þessum þáttum er lesið í aðstæður, erum við á réttri leið eða ekki.
- Starfsmenn Lunda eru hvattir til þess að koma með ábendingar til leikskólastjóra um það sem betur mætti fara í starfinu/skipulaginu og í kjölfarið er málið skoðað ofan í kjölinn og annað tveggja gert að breyta því sem breyta þarf eða benda viðkomandi á aðra leið sem betur reynist í starfinu.
- Starfsmenn eru hvattir til þess að ræðast við og benda hver öðrum á það sem betur mætti fara og hrósa fyrir það sem vel er gert.
- Í foreldraviðtölum eru foreldrar spurðir um velferð og líðan barna þeirra.
- Í starfsmannaviðtölum eru viðhorf starfsmanna og gengi þeirra í starfinu rædd. Nýttir eru gátlistar frá *Leiðbeiningum um innra mat leikskóla, 2016*
- Á starfsmannafundum er innra mat rætt. Þyki ástæða til og reynist breytingar ekki til bóta er lagt fyrir að finna aðra leið og færari.
- Allar tillögur starfsfólks eru vel þegnar og greindar. Þegar umbætur eru metnar og forgangsraðað er notað greiningartækni frá *Leiðbeiningum um innra mat leikskóla, 2016*.

A	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.
B	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Styrkleikar eru fleiri en veikleikar.
C	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Veikleikar fleiri en styrkleikar.
D	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Ef þessi skali er notaður þá gætu allar vísbendingar sem fá einkunina A talist til styrkleika en C og D þarfnast umbóta.

Matsáætlun fyrir leikskólaárið 2018-2019

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðar- aðilar
Leikskólapróun og starfspróun	Bæta sveigjanleika og auka þekkingu í starfi.	Upplýstir og áhugasamir starfsmenn.	Gátlistar Samræður og símenntun.	Fræðsla og símat frá hausti 2018 til vors/sumars 2019.	Matsteymi/ stjórnarteymi
Námskrá Lundar, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Mat á innra starfi skv. Áætlunum leikskólans.	Innra mat og allir vinna eins.	Gátlistar, samræða og skráning.	Fræðsla og símat frá hausti 2018 til vors/sumars 2019.	Matsteymi/ stjórnarteymi
Skipulag náms og námsaðstæður.	Tryggja velferð og auka nám barnanna í leikskólanum.	Innra mat: Bætt dagskipulag og náms-umhverfi þar sem við á.	Með samræðum og gátlistum.	Gagnaöflun og greiningu lokið í maí/júní 2019.	Matsteymi/ stjórnarteymi

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðar- aðilar
Leikur og nám, lýðræði jafnrétti og þátttaka barnanna.	Að auka vægi barnanna í starfi leikskólans. Að skapa þeim tækifæri til þess að þróa færni sína í lýðræðislegum starfsháttum.	Að börnin tjái sig á þann hátt sem þeim er fær og réttlæti, gleði og virðing einkenni samskipti þeirra.	Að fylgjast með börnunum. Skráning og samræða.	Gagnaöflun og greining. lokið í ágúst 2019.	Matsteymi/ stjórnarteymi
Námsvið leikskólans.	Að meta innra starf eftir áætlunum leikskólans.	Útfærsla í Námskrá Lundar.	Samræður og gátlistar.	Gagnaöflun og greining. lokið í ágúst 2019.	Matsteymi/ stjórnarteymi
Mat á námi og velferð barna.	Tryggja að börnin fái þá menntun og umönnun sem þeim ber.	Innra mat og ólíkar leiðir.	Gátlistar og samræður.	Gagnaöflun og greining. lokið í maí/júlí 2019.	Matsteymi/ stjórnarteymi
Velferð og líðan barna.	Tryggja - öryggi, velferð og góða líðan barnanna í Lundi.	Örugg glöð og áhugasöm börn í rólegu, hvetjandi og umhyggjusömu umhverfi.	Sjálfskoðun og samræða við börnin.	Gagnaöflun og greining. lokið í ágúst 2019	Matsteymi/ stjórnarteymi
Starfsánægja	Auka velferð og vellíðan starfsmanna í Lundi.	Áhugasamir og ánægðir starfsmenn sem skapa börnunum öryggi og sýna þeim umhyggju.	Starfsmanna- viðtöl og gátlistar.	Gagnaöflun og greining. lokið í ágúst 2019.	Matsteymi/ stjórnarteymi

Heimildaskrá:

Námskrá leikskólans Lundar.

Aðalnámskrá leikskóla.(2011). Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Reykjavík.

Björk Ólafsdóttir, Berglind Hansen, Hrafnkell Tjörvi Stefánsson, Jónína Konráðsdóttir, Kristín Hildur Ólafsdóttir, Lena Sólborg Valgarðsdóttir, Sigríður Marteindóttir og Sigrún

Einarsdóttir 2014. *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs* fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat leikskóla. Reykjavík: Reykjavíkurborg. Sótt af.
https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/1_vidmid_og_visbendingar_2_prentun.pdf

Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat leikskóla*. Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið 2016.
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4f5977cd-52a6-11e7-941a-005056bc530c>

Fylgirit með starfsáætlun

Umbótaáætlun 2018-2019

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum.
Dagskipulagið: Er jafnvægi á milli frjálsra leikja og skipulagðra athafna og rólegra og fjörugra athafna? (Umbótaáætlun, svið 2, Uppeldis- og menntastarf bls 3)	Auka gæði dagskipulagsins með auknu jafnvægi á milli rólegra athafna annars vegar og fjörugra hinsvegar.	Stjórnendateymið mun halda áfram að rýna í dagskipulagið.	Sept 2015 Lokið í júlí 2018	Stjórnendateymi	Litið verður til viðmiða og vísbendinga fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs. sept 2014.	Aukin ánægja barnahóps og starfsmanna.
		Í undirbúningi hafa verið formlegar valstundir þar sem barnið getur ákveðið viðfangsefni sitt út frá nokkrum valmöguleikum.				
Aukið lýðræði innan leikskólans (svið 2, umbótaáætlun Uppeldis og menntastarf bls 3)	Að þátttaka barnanna hafi raunveruleg áhrif á skipulag starfsins		Febrúar 2016 og lýkur væntanlega í júlí 2018.	Stjórnendateymi.	Viðnið og vísbendingar, met ið í júlí 2018	Mat starfsmanna og ánægja barnanna.

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Aukið lýðræði innan leikskólans (svið 2, umbótaráætlun <i>Uppeldis og menntastarf</i> bls 4)	Að virk þátttaka barnanna t.d í hópastarfi aukist.	Að farnar séu fjölbreyttar leiðir til þess að börnin hafi val í samverustund skipulögðum og frjálsum leik.	Mars 2016 framlengt til júlí 2019.	Stjórnendateymi	Viðmið og vísbendingar SFS Metið í júlí 2019	Umsögn starfsmanna og þátttöku barnanna.
Námsumhverfi barnanna (svið 2 umbótaráætlun Uppeldis- og menntastarf, bls 5)	Að styðja við máltöku og málþroska barnanna og auka listsköpun	Þróuð aðferð til þess að auka enn frekar aðgengi barnanna að efniviði til sköpunnar.	Okt 2016 Des 2018	Leikskólastjóri	Viðmið og vísbendingar SFS Meðið í des. 2018	Aukin ánægja í listsköpun barnanna.
Máltaka og málþroski. Námsumhverfi barnanna (svið 2, umbótaráætlun Uppeldis- og menntastarf, bls 5)	Að styðja við máltöku og málþroska barnanna.	Unnið verður með frásagnir, sögur ljóð og ævintýri.	Okt. 2016. Júní 2019.	Stjórnendateymi	Viðmið og vísbendingar SFS. Júní 2019.	Áhugi og ánægja barnanna. Aukinn orðaforði þeirra.
Umhverfisnám. Námsumhverfi barnanna (svið 2, umbótaráætlun Uppeldis og menntastarf, bls 7)	Aukin þekking á viðfangsefninu og aukin umhverfisvitund.	Aukið umhverfisnám með áherslu á útinám.	Er hafið. Júlí 2019	Leikskólastjóri	Viðmið og vísbendingar SFS. Júní 2019.	Aukin þekking barnanna á viðfangsefninu, Aukin umhverfisvitund.
Sköpun. Umhverfisnám Námsumhverfi barnanna (svið 2 umbótaáætlun Uppeldis- og menntastarf bls. 8)	Að ferli sköpunar verði viðurkennt sem jafn mikilvægt og afurðin.	Fjölbreyttari efniviður og verkefni	Þegar hafið. Júní 2019	Stjórnarteymið	Viðmið og vísbendingar SFS Júlí 2019	Með áhuga og virkni barnanna og umsögn fullorðinna.

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Menning. Námsumhverfi barnanna. (svið 2, umbótaáætlun Uppeldis- og menntastarf, bls 8)	Aukið menningarlíf í Lundi.	Unnið er að því að fá brúðubílinn í heimsókn á útivistarsvæðið.	Júlí 2019	Leikskólastjóri	Viðmið og vísbendingar SFS Júlí 2019	Með gleði og áhuga barnanna og umsögn fullorðinna.
Skráningar (svið 2 Umbótaáætlun Uppeldis- og menntastarf, bls. 10)	Gera styrkleika getu og áhuga barnanna sýnilegri starfsfólki.	Stefnt er að því að fá fyrirlesara með fræðslu og leiðbeiningar um uppeldisfræðilega Skráningu	2018 Júlí 2019	Leikskólastjóri	Viðmið og vísbendingar SFS 2018 til júlí 2019	Skáningar starfsfólks í kjölfar námskeiðs.

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla:

LEIKSKÓLINN LUNDUR

SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ		AGÚST	
				Uppl. um skil á starfsáætlunum fer fyrir skóla- og frístundaráð																Skil á starfsáætlun Sumarlökun i			
1. L.		1. M.	Haustþema hefst	1. F.		1. L.	Fullveldisdagurinn	1. Þ.	Nýársdagur	1. F.	Dagur stærðfræðinnar	1. F.	Foreldravíðtöl	1. M.	Foreldravíðtöl	1. M.	Barnamenningarhátíð	1. L.		1. M.	Lundi	1. F.	Sumarlökun
2. S.		2. Þ.		2. F.		2. S.		2. M.	Skipulagsdagur	2. L.		2. L.		2. Þ.	Foreldravíðtöl	2. F.	Barnamenningarhátíð	2. S.	Sjómanna dagurinn	2. Þ.	Sumarlökun	2. F.	Sumarlökun
3. M.		3. M.		3. L.		3. M.	Jólabema	3. F.	Jólabema	3. S.		3. S.		3. M.	Foreldravíðtöl	3. F.	Barnamenningarhátíð	3. M.		3. M.	Sumarlökun	3. L.	
4. Þ.		4. F.		4. S.		4. Þ.	Jólabema	4. F.	Jólabema lýkur	4. M.		4. M.	Þolludagur	4. F.	Foreldravíðtöl	4. L.	Barnamenningarhátíð	4. Þ.		4. F.	Sumarlökun	4. S.	
5. M.		5. F.		5. M.		5. M.	Jólabema	5. L.		5. Þ.		5. Þ.	Sprengidagur	5. F.	Foreldravíðtöl	5. S.	Barnamenningarhátíð	5. M.		5. F.	Sumarlökun	5. M.	Fridagur verslunarmanna
6. F.		6. L.		6. Þ.		6. F.	Jólabema	6. S.	Þrettándinn	6. M.	Dagur leikskólans	6. M.	Óskudagur	6. L.		6. M.		6. F.		6. L.		6. Þ.	
7. F.		7. S.		7. M.		7. F.	Jólabema	7. M.		7. F.	Leikskólaráðstefnan	7. F.	Foreldravíðtöl	7. S.		7. Þ.		7. F.	Skólasítt í grunnskólum	7. S.		7. M.	
8. L.	Dagur læsis	8. M.		8. F.	Baráttudagur gegn einelti	8. L.		8. Þ.		8. F.		8. F.	Foreldravíðtöl	8. M.	Vor og sumarþema hefst	8. M.		8. L.		8. M.	Sumarlökun	8. F.	
9. S.		9. Þ.		9. F.		9. S.		9. M.		9. L.		9. L.		9. Þ.		9. F.		9. S.	Hvítasunnudagur	9. Þ.	Sumarlökun	9. F.	
10. M.		10. M.		10. L.		10. M.	Jólabema	10. F.		10. S.		10. S.		10. M.		10. F.		10. M.	Annar í hvítasunnu	10. M.	Sumarlökun	10. L.	
11. Þ.		11. F.		11. S.		11. Þ.	Jólabema	11. F.	Fréttabréf	11. M.	Starfsmannaviðtöl	11. M.	Foreldravíðtöl	11. F.		11. L.		11. Þ.		11. F.	Sumarlökun	11. S.	
12. M.		12. F.		12. M.		12. M.	Jólabema	12. L.		12. Þ.	Starfsmannaviðtöl	12. Þ.	Foreldravíðtöl	12. F.		12. S.	Samráð	12. M.		12. F.	Sumarlökun	12. M.	
13. F.		13. L.		13. Þ.		13. F.	Jólabema	13. S.		13. M.	Starfsmannaviðtöl	13. M.	Foreldravíðtöl	13. L.		13. M.	leikskólastjóra	13. F.		13. L.		13. Þ.	
14. F.		14. S.		14. M.		14. F.	Jólabema	14. M.	Vetrarþema hefst	14. F.	Starfsmannaviðtöl	14. F.	Foreldravíðtöl	14. S.	Þálmásunnudagur	14. Þ.		14. F.		14. S.		14. M.	
15. L.		15. M.		15. F.		15. L.		15. Þ.		15. F.	Starfsmannaviðtöl	15. F.	Foreldravíðtöl	15. M.		15. M.	Leikskólastjórafundur	15. L.		15. M.	Sumarlökun	15. F.	
16. S.	Dagur íslenskrar snáttu	16. Þ.		16. F.	Dagur íslenskrar tungu	16. S.	Samráð	16. M.		16. L.		16. L.		16. Þ.		16. F.		16. S.		16. Þ.	Sumarlökun	16. F.	
17. M.		17. M.		17. L.		17. M.	leikskólastjóra	17. F.		17. S.	Konudagur	17. S.		17. M.		17. F.		17. M.	Lýðveldisdagurinn	17. M.	Sumarlökun	17. L.	
18. Þ.		18. F.	Vetrarfrí	18. S.	Samráð	18. Þ.	Jólabema	18. F.		18. M.	Starfsmannaviðtöl	18. M.	Foreldravíðtöl	18. F.	Skírdagur	18. L.		18. Þ.	Samráð leikskólastjóra	18. F.	Sumarlökun	18. S.	
19. M.		19. F.	Vetrarfrí	19. M.	leikskólastjóra	19. M.	Jólabema	19. L.		19. Þ.	Starfsmannaviðtöl	19. Þ.	Foreldravíðtöl	19. F.	Föstudagurinn langi	19. S.		19. M.		19. F.	Sumarlökun	19. M.	
20. F.	Stjórnarfundur	20. L.		20. Þ.	Dagur mannréttinda barna	20. F.	Jólabema	20. S.		20. M.	Starfsmannaviðtöl	20. M.	Foreldravíðtöl	20. L.		20. M.		20. F.	Leikskólastjórafundur	20. L.		20. Þ.	leikskólastjóra
21. F.		21. S.		21. M.		21. F.	Jólabema	21. M.	Samráð leikskólastjóra	21. F.	Alþjóðardagur móðurm	21. F.	Foreldravíðtöl	21. S.	Þáskadagur	21. Þ.		21. F.		21. S.		21. M.	
22. L.		22. M.	Vetrarfrí	22. F.	Leikskólastjórafundur	22. L.		22. Þ.		22. F.	Starfsmannafundur Endurmat Skipulagsvinnu	22. F.	Foreldravíðtöl	22. M.	Annar í þáskum	22. M.		22. L.		22. M.	Sumarlökun	22. F.	
23. S.	Samráð leikskólastjóra	23. Þ.		23. F.	Starfsmannafundur Endurmat Skipulagsvinnu	23. S.	Þorláksmessa	23. M.		23. L.	Leikskólastjórafundur	23. L.		23. Þ.	Skipulagsdagur	23. F.		23. S.		23. Þ.	Sumarlökun	23. F.	Vor og sumarþema lýkur leikskóli fundur
24. M.	leikskólastjóra	24. M.		24. L.		24. M.	Aðfangadagur jóla	24. F.		24. S.		24. S.		24. M.	Skipulagsdagur	24. F.		24. M.		24. M.	Sumarlökun	24. L.	
25. Þ.		25. F.		25. S.		25. Þ.	Jóladagur	25. F.	Böndadagur, Starfsmannafundur endurmat skipulagsvinnu	25. M.	Vetrarfrí/Samráð leikskólastjóra	25. M.	Foreldravíðtöl	25. F.	Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur	25. L.		25. Þ.		25. F.	Sumarlökun	25. S.	
26. M.		26. L.		26. M.		26. M.	Annar í jöllum	26. L.		26. Þ.	Vetrarfrí	26. Þ.	Foreldravíðtöl	26. F.	Skipulagsdagur	26. S.		26. M.		26. F.	Sumarlökun	26. M.	Stjórnarfundur
27. F.	Leikskólastjórafundur	27. L.		27. Þ.	Alþjóðlegi þingsdagurinn	27. Þ.		27. S.		27. M.		27. M.	Foreldravíðtöl	27. L.		27. M.		27. F.	Starfsmannafundur Endurmat Skipulagsvinnu	27. L.		27. Þ.	
28. F.	Fréttabréf	28. S.		28. M.		28. F.	Jólabema	28. M.		28. F.	Leikskólastjórafundur Stjórnarfr.	28. F.	Foreldravíðtöl	28. S.		28. Þ.		28. F.	Skipulagsdagur	28. S.		28. M.	
29. L.		29. M.		29. F.	Haustþema lýkur	29. L.		29. Þ.		29. F.	Starfsmannafundur Endurmat Skipulagsvinnu	29. F.	Skipulagsvinnu	29. M.		29. M.		29. L.		29. M.	Sumarlökun	29. F.	Starfsmannafundur Endurmat Skipulagsvinnu
30. S.		30. Þ.	Starfsmannafundur	30. F.	Fréttabréf	30. S.		30. M.		30. L.		30. L.		30. Þ.	Barnamenningarhátíð Stjórnarfundur	30. F.	Upptökingardagur	30. S.		30. Þ.	Sumarlökun	30. F.	Námskeiðsdagur
		31. M.	Stjórnarfundur			31. M.	Gamlársdagur	31. F.	Stjórnarfundur			31. S.				31. F.	Stjórnarfundur			31. M.	Sumarlökun	31. L.	

Foreldraráð leikskólans Lundar er ánægt með fyrirbyggjandi starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2018 – 2019. Áætlunin er auðskilin, hnitmiðuð og raunhæf. Markmið eru skýr og áætlunin er í samræmi við hlutverk leikskólans. Hún er vel útfærð og mati á skólastarfinu er fylgt eftir með raunhæfri umbótaáætlun, sem veitir svigrúm til frekari þróunarvinnu.

Innra mat leikskólans er unnið í samráði við foreldra með þeim hætti að þeir geta alltaf óskað eftir viðtali eða komið athugasemdum og/eða tillögum að umbótum á framfæri við starfsfólk. Matsáætlun fyrir skólaárið 2018-2019 er yfirgripsmikil og raunhæf. Tvisvar á skólaári eru svo foreldraviðtöl. Þar er farið yfir líðan barnsins í leikskólanum, þroska þess og þarfir. Við það tækifæri er jafnframt leitast er eftir hugmyndum, viðhorfi og væntingum foreldra.

Leikskólastarfið tekur mið af Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna ásamt stefnu og einkunnarorðum leikskólans sem eru: virðing, væntumþykja, vellíðan, virkni. Í starfi leikskólans er m.a. horft til kenninga Erik H. Erikssonar um þroska fólks frá vöggju til grafar. Sú kenning fellur vel að leikskólastarfinu á Lundi þar sem þar fer fram leikskólastarf sem byggir á markvissu og metnaðarfullu uppeldisstarfi fyrir börn frá því að fæðingarorlofi lýkur og til u.þ.b. tveggja ára aldurs. Árleg þemu eru raunhæf og ætíð hin sömu með áherslu á að barnið læri að þekkja sjálft sig og umhverfið. Geta og þarfir þessa aldurshóps eru því lögð til grundvallar við skipulagningu alls leikskólastarfsins.

Við leikskólann er stórt útisvæði, sem nýlega voru gerðar endurbætur á, það finnst börnunum gaman að rannsaka og eru umhverfið, náttúran og leiktæki nýtt til kennslu.

Foreldraráð er ánægt með símenntunarstefnu starfsfólksins og þykir mjög jákvætt hvað starfsandi virðist vera góður. Stefna og einkunnarorð leikskólans endurspeglast með jákvæðum hætti í framkomu starfsfólksins, við börn og fullorðna.

Brynhildur Magnúsdóttir
Inger Sofía Ásgeirsdóttir
Heiðar Smári Heiðarsson